

Lög

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

1. gr. samningsins, sem vísað er til í 9. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 9. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VIII með lögum þessum.

3. gr.

1. gr. samningsins um EES-fjármagnskerfið 2009–2014, sem vísað er til í 2. gr. laga þessara, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.**Fylgiskjal VIII með lögum um Evrópska efnahagssvæðið,
nr. 2/1993, með síðari breytingum.
1. gr. samnings um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.**

1. gr.

Í stað 117. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:

Í bókun 38, bókun 38a, og viðauka við hana, og í bókun 38b er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.

Samþykkt á Alþingi 18. desember 2010.